

Ed.

417. Nefndarálit

[21. mál]

um frv. til laga um breytingu á lausaskuldum bænda í föst lán.

Frá meiri hl. fjárhagsnefndar.

Nefndin hefur athugað frumvarpið, en ekki orðið sammála um afgreiðslu þess. Munu tveir nefndarmenn skila sérálit, en undirritaðir nefndarmenn leggja til, að frv. verði samþykkt óbreytt.

Frv. felur í sér miklar hagsbætur fyrir bændur, þar eð ætla má, að hægt verði að verulegu leyti að losa þá við lausaskuldir sínar. Tryggt hefur verið fyrir milli-göngu landbúnaðarráðherra, að Seðlabankinn og viðskiptabankarnir munu gera sparisjóðum og viðskiptafyrirtækjum bænda kleift að losna við veðdeildarbréfin að verulegu leyti, þannig að þessir aðilar geta auk bankanna veitt þá fyrirgreiðslu, sem frv. gerir ráð fyrir. Þá er með frv. ríkisstjórnarinnar um stofnlánadeild landbúnaðarins lagður grundvöllur að mikilli eflingu stofnlánastarfsemi í þágu bænda, þannig að lausaskuldir vegna framkvæmda ættu ekki á næstu árum að þurfa að myndast í sama mæli og verið hefur.

Alþingi, 19. marz 1962.

Ólafur Björnsson,
form.

Jón Þorsteinsson,
fundaskr.

Magnús Jónsson,
frsm.